

Skipulags- og
byggingarfulltrúi

Skipulagsstofnun
v/ Jakob Gunnarsson

Borgartúni 7b
105 Reykjavík



ÖLFUS

Hafnarberg 1
815 Þorlákshöfn, Iceland
+354 480 3800 ol fus.is

Þorlákshöfn, 1.nóvember 2021
Málsnúmer: 2111002
Kt. umsk. 5012131870

Verkfræðistofan Mannvit fyrir hönd Veitna biður um umsögn sveitarfélagsins um matssprungu vegna eftirtaldra framkvæmda:

- Borun vinnsluholu á Bakka í Ölfusi.
- Hreinsiborun á eldri holu eða borun nýrrar vinnsluholu að Fiskalóni.
- Tengingu Þorlákshafnar- og Ölfusveitu.

Í umsagnarbeiðninni kemur eftirfarandi fram:

"Veitur hafa sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu sem var móttokin 6. september 2021, um ofangreinda framkvæmd skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.


Í samræmi við 20. gr. laganna og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum er hér með óskað eftir að Sveitarfélagið Ölfus gefi umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð umhverfismati að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort sveitarfélagið telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Sveitarfélagið telur að telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Rétt er að fram komi að á síðu 5 í matsskýrslunni kemur fram að sveitarfélagið Ölfus geri ráð fyrir 8-10% fjölgun íbúa í Þorlákshöfn til ársins 2029. ÞAð rétta er að sveitarfélagið gerir ráð fyrir 5-7 % íbúaukningu á ári til ársins 2029. að öðru leiti gerir sveitarfélagið ekki athugasemdir. Sveitarfélagið Ölfus er leyfisveitandi þegar kemur að framkvæmdar leyfum vegna framkvæmdanna. Enn fremur fer sveitarfélagið með skipulagsvald á svæðinu.

Afgreiðsla nefndarinnar er gerð með fyrirvara um staðfestingu bæjarstjórnar Ölfuss og verður þér gert viðvart fari afgreiðsla á annan veg í sveitarstjórn heldur en hér kemur fram.

Virðingarfyllst,
f.h. Skipulags- og umhverfisnefndar


Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi Ölfus



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 2. nóvember 2021
MÍ/202111-0005 / 6.07 / K.M.

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík

Efni: Jarðhitanýting í Ölfusi. Porlákshafnar- og Ölfusveita.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 14. sept. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um aðgerðir til að auka framleiðslu- og flutningsgetu Porlákshafnar- og Ölfusveitu.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Veitur ohf. áforma að auka vinnslugetu Porlákshafnar- og Ölfusveitu á núverandi vinnslusvæði veitunnar, á Bakkasvæði og á Fiskalóni. Porlákshafnar- og Ölfusveita nýtir jarðhitaaußlindir í Ölfusi til framleiðslu á varma til húshitunar, iðnaðar og annarrar atvinnustarfsemi í sveitarfélágini. Mannvirki sem tilheyra veitunni eru fjórar borholur, tvær dælustöðvar (önnur á Bakka 1 og hin á Bakka 2). Veitukerfið samanstendur af 34,7 km dreifilögn, 3,9 km stofnlögn og um 20,7 km af heimlögnum. Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér borun á einni holu til viðbótar á Bakka og hreinsiborun eða borun nýrrar holu á Fiskalóni auk tengingar Porlákshafnar- og Ölfusveitu um 2 km lögn. Gert er ráð fyrir að nýja holan verði staðsett um 250 m NA af núverandi holu (BA-01) í röskuðu landi. Leggja þarf um 250 m langan slóða að holunni og setja þarf upp 25x50 m² borplan. Holutoppshýsi verður sett yfir holuna að lokinni borun og hún tengd við dælustöð með niðurgraffinni stálþípu. Á Fiskalónssvæði verður kannað hvort hagkvæmt sé að hreinsa útfellingar úr holu PS-01 eða hvort fýsilegra sé að bora nýja holu í hennar stað á sömu slóðum. Hvort sem yrði fyrir valinu, þá verður settur upp bor en ekki er gert ráð fyrir að þörf verði á nýrri vegagerð eða nýju borplani þó bora þurfi nýja holu.

Í kafla 4.1 er m.a. fjallað um fornleifar. Þar segir að engar þekktar fornleifar séu til staðar á framkvæmdasvæði jarðhitanýtingar. Fyrir liggur skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses frá 2020, *Aðalskráning fornleifa í Ölfusi: Áfangaskýrsla III. Seinna bindi*. Þar er m.a. gerð grein fyrir skráðum fornleifum á jörðunum Bakka og Póroddsstöðum. Minjastofnun fór fram á að staðsetning fornleifa á og í nágrenni

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákváðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnáslustigi og ekki keranlegar til aðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993 getur aðili málss óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi tilkort rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkeynt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkymnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.


fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis yrði sýnd á uppdrætti/loftmynd og grein gerð fyrir áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á fornleifar.

Minjastofnun hafa borist gögn þar sem staðsetning fornleifa á jörðinni Bakka er sýnd ásamt fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Engar fornleifar eru í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við borun nýrrar holu á Bakka og tengingu Þorlákshafnar- og Ölfusveitu. Fyrirhuguð hreinsiborun eða borun nýrrar holu á Fiskalóni verður staðsett á núverandi borplani og mun því ekki hafa áhrif á fornleifar.

Minjastofnun Íslands telur að fyrir liggi fullnægjandi upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði aðgerða til að auka framleiðslu- og flutningsgetu Þorlákshafnar- og Ölfusveitu. Framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á fornleifar.

Minjastofnun Íslands telur að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.* Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Eftornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skyld að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon
verkefnastjóri



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík**

Selfossi, 19. október 2021
2109048HS SHJ

Efni: Jarðhitanýting í Ölfusi - Umsögn um fyrirspurn um matsskyldu

Þann 14. september sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tölvupóst frá Skipulagsstofnun þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðar aukningar á nýtingu jarðhita á Bakka og Fiskalóni í Ölfusi á vegum Þorlákshafnar- og Ölfusveitu.

Veitur ohf. áforma að auka hámarksvinnslugetu Þorlákshafnar- og Ölfusveitu á númerandi vinnslusvæði veitunnar á Bakka og á Fiskalóni úr samtals 71 l/s í 182,5 l/s vegna fyrirsjáanlegrar aukningar í almennri notun vegna fólksfjölgunar í Þorlákshöfn annars vegar og stóraukinni þörf stórnötenda fyrir heitt vatn, s.s. vegna fiskeldis, hins vegar. Sú vinnsluaukning sem gert er ráð fyrir samsvarar rúmlega 35.000 kW í hráafli og verður hámarksvinnslugeta veitunnar tæplega 92.000 kW í hráafli. Fyrirhugað er að bora nýja vinnsluholu á Bakka auk þess sem kannað verður hvort hagkvæmara sé að hreinsa útfellingar úr nú aflagðri holu PS-01 á Fiskalóni og taka hana aftur í rekstur eða bora nýja vinnsluholu. Auk þess þarf að auka flutningsgetu veitunnar t.d. með því að bæta við skilju og dælum við númerandi dælustöð ásamt því að tengja saman veitukerfin tvö með um 2 km langri lögn.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi fyrirhugaðrar framkvæmdar og telur að sjónræn og staðbundin umhverfisáhrif framkvæmdarinnar í næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum.

Í tilkynningunni kemur hins vegar fram að sú aukning vinnslugetu sem nú er fyrirhuguð og samsvarar um 35 MW í hráafli er aðeins hluti þeirrar vinnsluaukningar/stækkunar sem veitan metur nauðsynlega fram til ársins 2050 og ef ítrrustu spár sveitarfélagsins um fólksfjölgun og allar áætlanir um uppbyggingu fiskeldis á svæðinu ganga eftir, þá verður hámarkseftirspurn eftir heitu vatni frá veitunni orðin meiri en nemur þeirri stækkun sem nefnd tilkynning tekur til þegar árið 2026.



Skv. tilkynningunni er hámarksvinnslugeta veitunnar í dag um 57 MW í hráafli. Hún er því í flokki A skv. lið 3.02 í 1. viðauka með lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, þ.e. *Jarðvarmavirkjanir og önnur varmaorkuver með 50 MW uppsett afl eða meira*. Af ofangreindu er jafnframt ljóst að sú 35 MW vinnsluaukning sem nú er tilkynnt er aðeins hluti þeirrar heildarvinnsluaukingar sem veitan þarf að ráðast í í náinni framtíð til að anna eftirspurn eftir heitu vatni og að liklegt megi telja að sú breyting/viðbót í heild sinni fari yfir þau viðmið sem flokkur A setur, þ.e. að aukningin verði í heild 50MW eða meiri.

Embættið telur að hin tilkynnta framkvæmd sé hluti af stærri framkvæmd/breytingu sem í heild sinni fer yfir þau viðmið sem flokkur A setur og því sé framkvæmin háð mati á umhverfisáhrifum skv. lið 13.01 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir virkjunum og orkuveitum frá 1 MW starfsleyfi skv. lið 115 í viðauka IV. með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig veitir embættið starfsleyfi eftir því sem við á vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. jarðborun, efnisnámi, landmótun og verktakaaðstöðu skv. ofangreindri reglugerð auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Stella Hrönn
Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi

Snorri Sigurðsson - NI

Til : Jakob Gunnarsson - SLS;Skipulagsstofnun - SLS
Frá : Snorri Sigurðsson - NI
Heiti : Re: Jarðhitanýting í Ölfusi, Þorlákshafnar- og Ölfusveita UMSÖGN NI
Málsnúmer. : 202107016
Málsaðili : Veitur
Efnisflokkur : Umsögn
Skjalategund : Innkomið skjal
Skráð dags : 15.10.2021
Höfundur : Snorri Sigurðsson - NI

Viðhengi

[image001.jpg](#)

[image002.png](#)

Góðan daginn,

Eftifarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Tilvísun í mál nr. 202109-0016 (LA).

Vísað er til meðfylgjandi tölvupóst frá Skipulagsstofnun dags. 14.9.2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um fyrirspurn um matsskyldu vegna mats á umhverfisáhrifum í tengslum við fyrirhugaðra jarðhitanýtingar í Ölfusi.

Í skýrslunni er framkvæmdinni lýst eftifarandi:

"Veitur ohf. áforma að auka vinnslugetu Þorlákshafnar- og Ölfusveitu á núverandi vinnslusvæði veitunnar, á Bakkasvæði og á Fiskalóni. Þorlákshafnar- og Ölfusveita nýtir jarðhitaaðlindir í Ölfusi til framleiðslu á varma til húshitunar, iðnaðar og annarrar atvinnustarfsemi í sveitarfélagit. Vegna aukinnar eftirspurnar telja Veitur að ráðast þurfi í ákveðnar framkvæmdir á næstu árum til þess að mæta aukinni eftirspurnar aukningu. Þær framkvæmdir snúa annars vegar að aukinni framleiðslugetu og hins vegar að aukinni flutningsgetu."

Til þess að auka flutningsgetu verður bætt við skilju og dælum við núverandi dælustöð. Að auki er gert ráð fyrir að tengja veitukerfin tvö Þorlákshafnarveitu og Ölfusveitu saman.

Framkvæmd þessi felur í sér borun á 1000 m djúpri holu (BA-02) til viðbótar á Bakka og hreinsiborun eða borun nýrrar holu á Fiskalóni auk tengingar Þorlákshafnar- og Ölfusveitu um 2 km lögn.

Gert er ráð fyrir að holan BA-02 verði staðsett um 250 m NA af holu BA-01 í röskuðu landi. Leggja þarf um 250 m langan slóða að holunni og setja þarf upp 25x50 m² borplan. Holutoppshýsi verður sett yfir holuna að lokinni borun og hún tengd við dælustöð með niðurgrafinni stálþípu. Ef þessi áform ganga eftir verður hámarks vinnslugeta á Bakkasvæðinu um 162,5 L/s. Gert er ráð fyrir að vinna megi um 20 L/s á Fiskalónssvæðinu.

Ekki kemur fram nákvæm staðsetning á borholum eða hvar leggja á 2 km hitaveitulögnum vegna tengingar Þorlákshafnarveitu og Ölfusveitu, en miðað við þær upplýsingar sem fram koma telur Náttúrufræðistofnun að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á lífríki svæðisins þar sem það er nú þegar allmikið raskað, en vill undirstrika nálgægð náttúruminjasvæða; Varmá og Ölfusforir eru á núgildandi náttúruminjaskrá og svæðið Ölfusforir?Ölfusárós er tillaga á tilnefningu Náttúrufræðistofnunar á framkvæmdaráætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár (<https://www.ni.is/greinar/su-olfusforir-olfusaros>).

Náttúrufræðistofnun telur hins vegar að skoða þurfi vel orkunýtingu innan jarðhitakerfisins í heild til að koma í veg fyrir ofnýtingu jarðhitakerfisins í Ölfusi, því ljóst er að orkuþörf stórnottenda mun aukast mikið á næstu árum.

Núverandi hámarksvinnslugeta við Bakka er í dag 112,5 L/s af 120°C vatni, en hámarksnýting árið 2020 var um 70 L/s. Í lok árs 2019 var almenn notkun til húshitunar um 42 L/s, en nýting umfram það fór til stórnottenda.

Fólksfjöldaspá sveitarfélagsins gerir ráð fyrir 8-10% fjölgun íbúa í Þorlákshöfn til 2029 og í eftirspurnarspá fyrir Þorlákshafnar- og Ölfuveitu er gert ráð fyrir 9% aukningu á almennri notkun til 2029. Í tölfu 2.1 á bls. 6 er áætluð jarðhitapörf stórnottenda verði 100 til 120 L/s á næstu fimm árum fyrir þau verkefni sem eru núna í undirbúningi. Samkvæmt þessari eftirspurn stórnottenda og fólksfjöldaspá sveitarfélagsins, þá er ljóst að til stendur að margfalda nýtingu jarðhitakerfisins á næstu fimm árum miðað við núverandi nýtingu. Þær framkvæmdir sem hér eru til umfjöllunar duga varla til að anna þessari eftirspurn. Þá hafa aðrir landeigendur í Ölfusi hug á að nýta jarðhita í landi sínu úr sama jarðhitakerfi sem jafnframt eykur á heildarnýtingu.

Jarðhitakerfið er lághitakerfi, um 4 km á lengd og 1 km á breidd. Samkvæmt ISOR eru tengsl á milli svæða er varðar vatnsborð og þrýsting (<https://olfscluster.is/wp-content/uploads/2020/10/Jardhit-Olfus-ISOR-25Juni2020-skil.pdf>). Vatnsborð í núverandi borholum er á um 20 m dýpi en talið er að við vinnsluaukningu verði vatnsborðið komið niður í 79-89 m árið 2050. Náttúrufræðistofnun telur út frá núverandi áætlunum um nýtingu að vatnsborð verði komið mun fyrr niður í 80 m dýpi en gert er ráð fyrir, líklega fyrir árið 2030.

Náttúrufræðistofnun telur að frekari rannsókna á jarðhitakerfinu sé þörf, eins og fram kemur á bls. 13, en þar stendur:

Afmörkun einstakra jarðhitakerfa í Ölfusi er ekki vel þekkt og því ekki ljóst hvernig þrýstiáhrif vegna vinnslu á einum stað berast til annarra staða. Hér er gert ráð fyrir að kerfin séu frekar opin þannig að áhrif niðurdráttar á einum stað gætu komið fram í holum í allt að 1-2 km fjarlægð. Frekari rannsóknir þarf þó til að leggja betur mat á stærð og lögum niðurdráttarkeilna á vinnslusvæðum og þar með ákvarða hversu mikið er óhætt að vinna úr einu svæði án þess að ganga á möguleika annarra til nýtingar. Slíkar rannsóknir þarf að framkvæma í tengslum við afkastaprófanir á vinnsluholum Veitna í samstarfi við eigendur vinnsluholna í nágrenninu.

Sumarið 2020 var framkvæmt afkastapróf á öllum vinnsluholum veitunnar, HJ-01, BA-01 og EB-01, og voru niðurstöður þess prófs notaðar til að leggja mat á holutöp í hverri holu fyrir sig sem aftur leyfir útreikning á vatnsborði í jarðhitakerfinu sjálfu (kerfisvatnsborði) á hverjum tíma.

Hermireikningar hafa verið gerðir sem miðast við að meðal- og hámarksvinnsla fram til ársins 2050 aukist jafnt og þétt til samræmis við eftirspurnarspá þar til hámarksvinnsla er komin í 185 L/s. Slíkir reikningar gefa e.t.v. ekki rétta mynd því ef núverandi eftirspurn er rétt metin liggur fyrir að á næstu fimm árum muni hámarksvinnsla ná 185 L/s.

Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að þekkja viðbrögð jarðhitakerfisins í heild með aukinni nýtingu s.s. með því að gera langtímaælingar, þrepaprófanir með aukinni dælingu, til að hægt sé að meta áhrif þeirra á vatnsborð, þrýsting og hitastig kerfisins. Þá þarf einnig að kanna hversu hratt jarðhitakerfið jafnar sig eftir stöðuga dælingu.

Ekki kemur fram hvernig vatnsrennslí er háttáð innan svæðisins eða hvort gerðar hafa verið rennslismælingar. Kanna þarf hvort kalt vatnsstreymi hafi áhrif á hitastig kerfisins með lækkandi vatnsborði eða aukinni dælingu jarðhita. Þá kemur ekki fram hvort gerðar hafa verið efnagreiningar á jarðhitavatni.

Gera þarf betur grein fyrir þeim gögnum sem vitnað er í á bls. 9 og sem benda ekki til þess að það sé "þrýstisamband" á milli Bakka og Fiskalóns.

Í ljósi þessara óvissuatriða sem mikilvægt er að huga að með viðeigandi rannsóknum er það álit Náttúrufræðistofnunar að framkvæmdin sé matsskyld.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Jakob Gunnarsson - SLS"
To: "Móttaka - NI"
CC:
Subject: Jarðhitanýting í Ölfusi, Þorlákshafnar- og Ölfusveita - Umsagnarbeiðni
Date: 14.9.2021 11:22:41


Veitur hafa sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu sem var móttokin 6. september 2021, um ofangreinda framkvæmd skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í samræmi við 20. gr. laganna og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum er hér með óskað eftir að Náttúrufræðistofnun gefi umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð umhverfismati að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort stofnunin telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 15. október 2021 á skipulag@skipulag.is

Jakob Gunnarsson
 Sérfræðingur, svíð umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
 Skipulagsstofnun - National Planning Agency
 Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland ? Iceland
 sími 595 4100
 Jakob.Gunnarsson@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. október 2021
Tilvísun: OS2021090033/20.0
Verknúmer: 3090000

Efni: Umsögn um fyrirspurn um matsskyldu vegna jarðhitanytingar í Ölfusi, Þorlákshafnar- og Ölfusveita.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 14. september sl., þar sem óskað var umsagnar Orkustofnunar um hvort, og þá á hvaða forsendum, jarðhitanyting í Ölfusi, Þorlákshafnar- og Ölfusveita skyldi háð umhverfismati með vísan til 20. gr. laga, nr. 111/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlana og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015, um mat á umhverfisáhrifum. Óskað er eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvort umsagnaraðili telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu (auðlindalög) er nýting auðlinda í jörðu háð leyfi Orkustofnunar.

Ekki er til staðar leyfi fyrir núverandi jarðhitanytingu í Ölfusi þar sem hún hófst fyrir gildistöku auðlindalaga og hefur verið litið svo á að til staðar væri ígildi leyfis fyrir þá nýtingu sem var þá hafin.

Orkustofnun hefur kynnt sér gögn sem fylgdu með erindi Skipulagsstofnunar. Í kafla 1.1. í greinargerð Veitna kemur fram að „hámarksvinnslugeta veitunnar“ sé um 112,5 L/s. Óljóst er hvað er átt við með þessu, hvort um sé að ræða mat Veitna á afkastagetu jarðhitasvæðisins, hámarksafköst dreifikerfis hitaveitunnar, eða eitthvað annað. Í kafla 5.1 er fjallað um áhrif fyrirhugaðrar aukningar á jarðhitanytingu á aðra nýtingu í nágrenninu, og kemur fram að það sé „mjög ólíklegt“ og „ekki taldar neinar líkur“ á að áhrif verði á aðra nýtingu, en ekki kemur fram rökstuðningur fyrir þeirri niðurstöðu.

Orkustofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við framlagða matsskyldufyrirspurn.

Orkustofnun bendir á að umsögn þessi, sem stofnunin veitir Skipulagsstofnun, er af því tagi að ekki felist í henni vanhæfi stofnunarinnar til að taka afstöðu til umsókna vegna leyfisveitinga stofnunarinnar á síðari stigum.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra



María Guðmundsdóttir



Harpa Pétursdóttir